

fina-bounces@listar.skyrr.is

on behalf of

Bókasafn Grundarfjarðar <bokasafn@grundarfjordur.is>

Fri 5/9/2014 1:20 PM

To:

fina@skyrr.is;

3 attachments

Sæl og blessuð.

Á Vorfundi Fínu tókum við til umræðu breytt umhverfi bókasafna, áskoranir og tækifæri.

Umræðurnar miða að því að hægt verði að nýta afraksturinn á okkar eigin vettvangi, en ekki síður í frekari samræðum um stöðu almenningsbókasafna í sveitarfélögunum.

Við munum gefa okkur ca. 2-3 tíma í umræður og hópavinnu á fundinum.

Meðfylgjandi er samantekt svara úr könnun sem við sendum út í liðinni viku, vegna undirbúnings umræðanna.

Endilega skoðið og meltið.

Þessi póstur þarfnast ekki svara. Sjáumst í Grundarfirði.

Bestu kveðjur, Sunna.

Könnun gerð vegna undirbúnings fyrir umræðu og hópavinnu á Vorfundi Fínu sem haldinn verður 16. maí 2014.

Áhyggjur, breytingar, áskoranir og tækifæri almenningsbókasafna næstu 30 ára Samantekin svör – í knöppu formi – við könnun frá forstöðumönnum 23ja almenningsbókasafna.

Þátttakendur eru fulltrúar fyrir:

- Fjögur fámenn samfélög í dreifbýli
- Fimm bókasöfn í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu
- Þrettán bókasöfn í þéttbýli úti á landi

Áhyggjur/áskoranir

Spurt var: Hvað veldur helst áhyggjum fyrir hönd bókasafnsins?

- Minnkandi aðsókn, útlán, fjármagn, lestur og læsi.
- Tæknistig staðnað, rafbækur vantar á bókasöfnin.
- Sú trú að snjalltæki geti komið í stað fyrir bækur!
- Sveitarfélög koma sér undan bókasafnsþjónustu sem er lögboðinn réttur íbúa.
- Tilhneiging til að sameina menningarstofnanir og fækka fagfólki á hærri laununum.
- Plássleysi.
- Eldri notendur vilja eingöngu bækur á pappír.
- Breyting á starfsemi sinni frá söfnun til miðlunar.
- Lág menntunarstig, hár aldur starfsmanna og fastheldni á gamlar venjur.

Breytingar

Spurt var: Hvaða breytingar í samfélaginu á næstu 10-20 árum munu hafa mest áhrif á bókasöfn?

- Spjaldtölvunotendur nútímans nálgast sjálfir efni á netinu, lestur á rafrænu formi, útgáfa rafrænna gagna hvort sem er skáldsögur eða fræðibækur, allt í einu ,klikki'.
- Nauðsynlegt að skipuleggja ofgnótt heimilda og upplýsingaflæðis.
- Breytt fyrirkomulag á geymslu efnis/safnkosts.
- Aukið/minnkað upplýsingalæsi nýrra kynslóða, minni bóklestur.
- Kröfur íbúa um upplýsingaþjónustu.
- Þjónusta við eldri notendur, fjölmenningu, þriðji staðurinn.
- Bókasöfnin hluti af menningaraðstöðu.

Áhugaverð tækifæri

Spurt var: Hvaða tækifæri eru áhugaverðust fyrir bókasafnið, t.d. með hliðsjón af því sem framsækin bókasöfn innan lands og utan eru að gera?

- Útlán rafráða.
- Snjallsímataeknin, opna bókasafnið, sí- og endurmenntun.
- Auka samvinnu við leik- og grunnskóla.
- Skipuleggja netmiðlaefnið og miðla til notenda.
- Upplýsinga-, menntunar- menningar og félagsmiðstöð: Þriðji staðurinn.
 - Dæmi: Bókmenntaviðburðir, hlúa að lestrarmenningu og skapandi listum, aðstoða námsfólk í upplýsingaleit. Vera staðurinn sem fólk getur komið og dvalist á , lesið blöð, notað netið, hitt annað fólk, hlustað á fyrirlestra. Klúbbastarf fyrir alla aldurshópa s.s. eldri borgara, leikskólana, dagmæður, ungbarnaforeldra, heimavinnandi fólk.

Ný viðfangsefni

Spurt var: Viltu nefna áhugaverð dæmi um ný viðfangsefni eða nálgun bókasafna?

- Byggingar með fjölbreyttri þjónustu, starfsemi og þátttöku íbúa.
- Lykillinn að lestrarkunnáttu og upplýsingalæsi landsmanna.
- Labrary, Urban office, Laptop Club, Fablab.
- Upplýsingaþjónusta ferðamanna.
- Sameiginleg upplýsingaþjónusta allra bókasafna í landinu með netspjalli 24/7.
- Aðgangur bókasafna að öllum rafrænum gögnum í einum gagnagrunni.
- Framsetning á safnkosti miðað við markhópa.
- Landshlutasöfn.
- Sjálfsafgreiðsluvélar og opið aðgengi sem tengist námsfólki utan afgreiðslutíma og menningastarfsemi hvers byggðarlags.
 - Dæmi: viðburðir, skólastarf, heimanámsaðstoð, lestur dagblaða með nýbúum, kynningarkvöld innflytjenda, tengja þekkingu og fróðleik við útiveru, rölt frá bókasafninu þínu.